



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar**

Saga þjóðar hefur margar ásjónur. Hún greinir örlagaríka atburði sem móta mannlíf og aldarfar. Hún lýsir atvinnuvegum og baráttunni fyrir bættum kjörum, framfararsókn og umrótinu sem jafnan fylgir nýjum tímum. Hún túlkar menningu og breytta siði, þjóðlífsbrag og dægurflugur. Saga þjóðar er dregin þykkum dráttum og þar er litið til landsins alls.

Við höfum lært að lesa sögu Íslands á þennan hátt og það hefur eflt samkennd þjóðarinnar á ögurstundum. Við skynjum þá trúnaðinn hvert við annað og vitundin um að vera Íslendingur veitir okkur öryggi og ferska sýn á okkur sjálf.

Meðan sjálfstæðisbaráttan var viðfangsefni á vettvangi þjóðmálanna sótti þjóðin styrk í sameiginlega sögu og áherslan var á þá þætti sem treystu rökstuðning fyrir rétti Íslendinga til fullveldis og forræðis yfir eigin málum. Ritverk og rannsóknir sem helguð voru sögu lands og þjóðar báru sterkt svipmót af þessari baráttu.

Í kjölfar lýðveldisstofnunar og með nýjum viðfangsefnum á síðari hluta tuttugustu aldar beindist athyglin að öðrum þáttum og margir sáu að í sögu einstakra byggðarlaga væri að finna fróðlegt efni sem aukið gæti skilning á þeim umbrotatímum sem einkenndu nýliðna öld.

Ólafsfjörður hefur verið vettvangur víðtækra breytinga sem á margan hátt eru raunsannur aldarspegill, varpa skýru ljósi á megindrætti í þjóðarsögu eins og þeir birtast í mannlífi og menningu byggðarlaga, örlögum þeirra sem með sjósókn og atorku sköpuðu grundvöll að bættum kjörum. Sjávarbyggðirnar um landið allt hafa í raun verið undirstaða framfara og hagsældar sem Íslendingar nutu á liðinni öld og frásagnir frá Ólafsfirði geta í hnotskurn færð okkur þekkingu á því hvernig þjóðin glímdi við og leysti erfið verkefni á hverjum tíma.

Með útgáfu Árbókar Ólafsfjarðar sem helguð er frásögnum af fyrri tíð og markverðum tíðindum á okkar dögum er á metnaðarfullan hátt

verið að leggja grundvöll að byggðarsögu sem getur í senn veitt fróðleik og skemmtun en líka eflt samstöðu heimamanna og treyst viljann til að sækja fram til nýrra verka.

Á sama hátt og þjóðarsagan var aflvaki sjálfstæðisbaráttunnar getur lifandi byggðarsaga orðið hvatning til framfara og samstöðu þegar erfiðleikar steðja að í héruðunum. Rannsóknir á sögu heimaslóða eru í rauninni auðlind sem getur komið að góðum notum. Með þekkingu á lífskjörum fyrri kynslóða, glímu þeirra við fátækt og óblíð náttúruöfl fæst sönn mynd af því hve miklu hefur verið áorkað, hvernig framfarir til sjávar og sveita, hafnargerð og vegabætur, tækniþróun og nýjar þjónustugreinar hafa gjörbreytt öllum skilyrðum til búsetu, aukið hagsæld og fært íbúunum ný tækifæri.

Þegar á brattann er að sækja í málefnum landsbyggðarinnar getur slík héraðssaga veitt innblástur sem dugir til nýrrar sóknar.

Árbók Ólafsfjarðar veitir fróðlega og fjölbreytta sýn á mannlíf og sögu byggðarlagsins og ég þakka öllum sem hér hafa komið að góðu verki. Árbókin skapar margvísleg tækifæri til að líta aftur til liðins tíma, hugleiða örlög og ævi þess góða fólks sem áður byggði Ólafsfjörð, fræðast um atburði nýliðins árs og skilja hve miklu hefur í raun verið áorkað þótt oft hafi íbúunum þótt miða hægt.

Ég þakka fyrir eintökin af Árbók Ólafsfjarðar sem borist hafa hingað á Álftanesið og hef lesið þau mér til ánægju og fróðleiks. Þau verða varðveitt í bókhöðu Bessastaða og eru þar í góðum félagsskap öndvegisverka sem fjalla um sögu og menningu þjóðarinnar.

Ég óska útgefendum allra heilla í starfi sínu og Ólafsfirðingum til hamingju með að hafa eignast þennan vettvang sem árlega mun færa okkur nýjan skilning á mannlífi og örlögum í norðlenskum firði.

(undirskrift)